

BESTA FORVÖRNIN

Eins og áður hefur komið fram er líkamleg snerting hluti af þátttöku í íþróttum og ef til vill ekki raunhæft að sleppa henni. Þá hefur einnig komið fram að besta forvörnin felst í því að fræða, eiga góðar siðareglur og að opið og jákvætt andrúmsloft ríki í félaginu. Þegar nýr þjálfari hefur störf innan íþróttafélags er æskilegt að fá meðmæli frá félögum sem hann hefur þjálfað hjá áður. Einnig getur verið gott að láta eldri þjálfara fylgjast með þeim nýja og jafnvel að þeir þjálfí saman til að byrja með. Á upplýsingatöflum nálægt börnum og unglingum gæti félagið auglýst símanúmer með upplýsingum um hvar börn og unglingar geti leitað sér hjálpar. Hægt er að hringja í 112, 1717 eða í símanúmer viðkomandi barnaverndar www.bvs.is/almeningur/barnaverndarnefndir/

RÁÐGJÖF VARÐANDI KYNFERÐISLEGT OFBELDI Á BÖRNUM

Ef grunur leikur á kynferðislegu ofbeldi eða einhverjar spurningar vakna, vinsamlega hafið samband við starfsfólk barnaverndarnefndar í því sveitarfélagi þar sem brotið var framið eða hringið í 112.

KYNFERÐISLEGT OFBELDI Í ÍÞRÓTTUM

Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og unglingum í íþróttum



Kynferðislegt ofbeldi	3
Faðmlag eftir sigur og líkamleg snerting	4
Fullorðnir sem fyrirmynd	5
Getum við komið í veg fyrir misnotkun í félaginu?	5
Hefur félagið útbúið siðareglur?	6
Að semja siðareglur	6
Ef grunur vaknar	8
Þetta segja lögin	8
Almenn hegningarlög	8
Barnaverndarlög	9
Reglur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands	10
Hvað á að gera?	10
Viðbrögð við áfalli	11
Besta forvörnin	12
Ráðgjöf varðandi kynferðislegt ofbeldi á börnum	12

Útgefið af: Íþróttasambandi Danmerkur í mars 2010, 3. útgáfa

Þýtt og staðfært af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands

Þýðing: Erna Jessen

Grafísk hönnun og myndir: Patra Tawatpol

Ritstjórn: Ragnhildur Skúladóttir

KYNFERÐISLEGT OFBELDI

Kynferðislegt ofbeldi á börnum og unglingum er þegar fullorðinn einstaklingur fær barn til að sinna sínum kynferðislegu þörfum eða annarra eða misbýður barni með kynferðislegum athöfnum. Í skilgreiningu Barnaverndarstofu kemur fram að kynferðislegt ofbeldi gagnvart barni feli í sér; kynferðislega athöfn gegn barni eða með barni innan 15 ára aldurs með eða án vilja barnsins en einnig; kynferðislega athöfn gagnvart eða með barni 15 ára eða eldra án vilja barnsins.

Einstaklingur sem beitir börn kynferðislegu ofbeldi verður í þessum bæklingi kallaður gerandi. Gerendur finnast í öllum stéttum samfélagsins og löngun þeirra endurspeglast í hugsunum þeirra, hugmyndaflugi og athöfnum. Sumir sætta sig við að þeir hafi kynferðislega löngun til barna eða unglunga og líta á það sem eðlilegan hlut. Þeim finnast óskir sínar og athafnir eðlilegar og að samfélagið geri mistök í fordæmingu sinni á löngunum þeirra og hvötum. Aðrir skammast sín fyrir þessar hvatir og fá sektarkennd og kvíða. Af þeim sökum verða margir þeirra aldrei kynferðislega virkir. Ofbeldið getur verið margslungið allt frá nauðgun og valdbeitingu til velsæmisbrots, kynferðislegrar áreitni með dónalegum athugasemdum og nærgöngulu augnaráði.

Umfang vandans hefur lítið verið rannsakað á Íslandi en ákveðnar vísbendingar eru um að kynferðislegt ofbeldi hafi átt sér stað innan íþróttahreyfingarinnar og það er því full ástæða til þess að reyna að koma í veg fyrir það.

Íþróttahreyfingin á Íslandi er fjöldahreyfing. Mikill meirihluti þjálfara, stjórnenda, starfsmanna og sjálfbóðaliða innan íþróttahreyfingarinnar eru starfi sínu vaxnir og vinna störf sín af miklum áhuga og af alúð. Þeir hafa valið að taka þátt í íþróttastarfi vegna ánægju sinnar með að vinna með börnum og unglingum og af áhuga fyrir íþróttum. Einstaklingar með óeðlilegar hvatir í garð barna og unglunga laðast að umhverfi þar sem þau halda sig og þar eru íþróttafélög og íþróttasvæði engin undantekning. Við berum öll ábyrgð á að verja börn og unglunga fyrir kynferðislegu ofbeldi. Við berum einnig ábyrgð á að íþróttafélagið haldi áfram að vera öruggur staður þar sem þjálfarar, sjálfbóðaliðar, börn og unglingar geta hist og upplifað gleði og samheldni.

Á sama tíma og allt ofbeldi er fordæmt þá má það heldur ekki gerast að íþróttastarfið verði litað tortryggni því hún getur dregið úr ánægju sjálfbóðaliða og annarra félagsmanna í að sinna áhugamáli sínu, sem er að skipuleggja íþróttir og miðla gleði og samhug til barna og unglunga sem stunda íþróttir.



Aliquam metus odio,
malesuada et egestas
id perdiet at augue

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur látið útbúa þennan bækling til þess að:

- Auka meðvitund íþróttafélaga um að kynferðislegt ofbeldi getur átt sér stað á þeim vettvangi eins og öðrum
- Hvetja íþróttafélög til umræðna um hvernig hægt sé að fyrirbyggja kynferðisofbeldi
- Fræða þjálfara, stjórnendur og sjálfboðaliða um hvað átt sé við þegar talað er um kynferðislega misnotkun
- Fræða þjálfara, stjórnendur og sjálfboðaliða um þau lagaskilyrði sem gilda um kynferðisleg samskipti við börn

FAÐMLAG EFTIR SIGUR OG LÍKAMLEG SNERTING

Félagsstarf í íþróttum er gulls ígildi og þar fá börn og unglingar að þroskast, taka áskorunum, sigrum og ósigrum. Í íþróttafélagi er einstaklingurinn hluti af stærri hópi sem æfir saman og hefur sett sér sameiginleg markmið. Hann er einnig hluti af stærri heild sem er félagið sem hann tilheyrir.

Íþróttir eru oft tengdar sterkum tilfinningum og er sigurfaðmlag og klapp á bakið hluti af þeirri menningu sem skapast hefur í gegnum tíðina. Í íþróttum þarf að vera hægt að taka utan um barn til þess að hugga það og þá er líkamleg snerting einnig eðlileg við aðrar aðstæður, bæði á meðal barnanna og á milli þjálfarans og barna. Íþróttir snúast um að nota líkamann og hafa stjórn á honum. Stundum þarf barn aðstoð við að útfæra ákveðnar hreyfingar og svo getur þjálfari þurft að grípa í eða halda utan um barnið af öryggisástæðum t.d. í móttöku í fimleikum. Hræðsla við ásanir um kynferðislegt ofbeldi má ekki verða til þess að þjálfari þori ekki að snerta börn.

FULLORÐNIR SEM FYRIRMYND

En hvar liggja mörkin fyrir líkamssnertingu? Snerting á klofi og brjóstum er aldrei ásættanleg. Þá á að láta foreldra um að gefa koss á munn og karlkynsþjálfarar eiga að halda sig frá búningsherbergi stúlknaog öfugt. Mörkin geta hins vegar verið óljós. Af þeim sökum er æskilegt að félagið ræði hvar mörkin um líkamssnertingu liggja. Má þjálfari fara í sturtu með börnunum? Hjálpa þeim að klæða sig? Segja dónalega brandara í búningsherberginu? Koma með athugasemdir um líkamsþroska osfrv.? Þjálfari er á sama tíma bæði stjórnandi og fyrirmynd barnanna, þess vegna er mjög mikilvægt að hann sé meðvitaður um hlutverk sitt. Stjórnendur íþróttafélaga eru yfirmenn þjálfara og þurfa að vera meðvitaðir um hlutverk þjálfaranna, sér í lagi hvernig þeir tala og starfa með börnunum.

GETUM VIÐ KOMIÐ Í VEG FYRIR MISNOTKUN Í FÉLAGINU?

Svarið við þessari spurningu er því miður nei en við getum gert lífið erfitt fyrir gerandann og minnkað líkurnar verulega. Besta leiðin til þess að koma í veg fyrir ofbeldi gagnvart börnum og það á við um hverskyns ofbeldi, eru sameiginleg gildi. Heldur félagið þitt í heiðri sameiginlegum gildum? Hefur félagið þitt útbúið siðareglur sem endurspeglar þau gildi sem félagið vill starfa eftir? Í öllum félögum þarf stöðugt að ræða hvers konar viðhorf eru höfð að leiðarljósi. Hvernig eigum við að umgangast hvert annað? Hvaða væntingar og kröfur höfum við til þjálfara og annars starfsfólks? Hvers konar samskipti viljum við eiga við foreldra? Hvernig á að leiða félagið?

Bæði er eðlilegt og nauðsynlegt að reglurnar miði að því að minnka hættu á ofbeldi gagnvart börnum. Það geta til að mynda verið reglur eins og:

- Í félaginu tölum við falletta við hvert annað
- Við líðum ekki dónalegar upphrópanir eða athugasemdir um líkama hvors annars
- Nyir þjálfarar eiga ekki að bera einir ábyrgð á hópi barna til þess að byrja með. Við komum reglulega í heimsókn til hvors annars á æfingar
- Það eru ávallt að minnsta kosti tveir þjálfarar eða þjálfari og annar fullorðinn einstaklingur í ferðalögum á vegum félagsins
- Þjálfari eða starfsmaður fer ekki inn í búningsherbergi sem ætlað er gangstæðu kyni, nema að gengið hafi verið í skugga um að allir séu klæddir/klæddar

- Þjálfari býður ekki einstaka barni heim til sín
- Félagið eða stjórn félags er skyldugt til þess að taka ábendingar um kynferðislegt áreiti eða ofbeldi alvarlega og bregðast skjótt við. Allir þjálfarar, starfsmenn og aðrir þeir sem eru í beinum samskiptum við börn undir 18 ára aldri, þurfa að skila sakavottorði
- Ef vísbendingar eru um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi ber að tilkynna það til viðkomandi barnaverndarnefndar. Tilkynna skal í nafni félags en ekki einstaklings.

HEFUR FÉLAGIÐ ÚTBÚIÐ SIÐAREGLUR?

Siðareglur þjóna þeim tilgangi að gera iðkendum, þjálfurum, foreldrum og öðrum sem að félaginu koma grein fyrir því hvaða gildi eru höfð að leiðarljósi í félaginu og til hvers er ætlast af einstaklingum sem koma fram í nafni félagsins. Þegar félagið hefur útbúið siðareglur, er það stjórnenda félagsins að fylgja ákveðnum verklagsreglum eftir við ráðningu þjálfara, starfsmanna og annarra sem koma að starfi félagsins og kynna siðareglurnar fyrir þeim.

Góðar reglur og opin umræða kemur þó ekki í veg fyrir að ofbeldið geti átt sér stað en með þeim er hægt að koma í veg fyrir að ofbeldið haldi áfram.

Þau félög sem verja tíma í að koma sér saman um sameiginleg gildi munu sjá hversu auðvelt verður að innleiða hagnýtar breytingar. Jákvæðu hliðarnar af félagsstarfinu eflast og auðveldara verður að koma frekar í veg fyrir aðra óæskilega hegðun eins og notkun áfengis og eiturlyfjaog kynferðisbrot. Trúverðugleiki félagsins og íþróttanaeykst við að láta í ljós skoðanir sínar og hafa siðareglur og gildi félagsins sýnileg.

AÐ SEMJA SIÐAREGLUR

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur útbúið siðareglur sem íþróttafélög geta nýtt sér að vild. Að öðrum kosti geta eftirfarandi fimm atriði og fjögur stig gefið hugmyndir að verklagi fyrir samningu siðareglna.

- Hver á að stýra ferlinu?
- Hvað vill félagið fá út úr ferlinu?
- Hvaða heimildir er hægt að styðjast við?
- Hverjir eiga að taka þátt í ferlinu?
- Hver á að bera ábyrgð á eftirfylgni reglnanna?



Aliquam metus odio,
malesuada et egestas
id perdiet at augue

Stig 1: Setja saman stýrihóp

- Gera áætlun fyrir ferlið

Stig 2: Vinnufundur með þeim sem eiga hlut að máli

- Stjórnarmenn, þjálfarar og foreldrar taka þátt
- Lýsa styrkleikum og veikleikum félagsins ásamt því hverju félagið vill ná fram
- Útbúa siðareglur ásamt skýringum. Hverjar eru mögulegar afleiðingar við brot á reglum?

Stig 3: Útgáfa og kynning á siðareglum

- Lítil hópur vinnur saman og býr til kynningarefni
- Halda kynningarfund fyrir félagsmenn. Í framhaldinu verður hugsanlega boðaður annar vinnufundur.

Stig 4: Innleiðing á siðareglum félagsins

- Einstaka deildir, lið eða nefndir aðlaga sig að nýjum siðareglum félagsins.
- Hvaða þýðingu hafa siðareglur fyrir starfið þitt og þína hegðun?
- Hafa fræðsluefni aðgengilegt á heimasíðu félagsins

Aliquam metus odio,
malesuada et egestas
id perdiet at augue



EF GRUNUR VAKNAR

Það er erfitt að gruna manneskju um kynferðlegt ofbeldi gegn börnum. Vitneskja um ofbeldi í félagsstarfi eins og íþróttafélagi kemur oftast fram þegar barn eða unglingur trúir einhverjum utan félagsins fyrir ofbeldinu. Hvað gerir þjálfari sem kemst að því að einstaklingur sýnir óeðlilega mikinn áhuga á einu barni, stofnar til sambands við það sem nær út fyrir starfið hjá félaginu, heyrir sögusagnir eða ef stjórnandi félagsins fær ábendingar frá áhyggjufullum foreldrum? Fyrst og fremst verður að átta sig á að enginn má líta framhjá þessu óþægilega ástandi. Allir hafa skyldum að gegna og verða að bregðast við ef grunur um misnotkun vaknar.

ÞETTA SEGJA LÖGIN

Almenn hegningarlög

Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 kemur fram að samræðisaldur er 15 ár, þ.e. samræði eða önnur kynferðismök gegn yngri einstaklingi felur í sér brot gegn lögum. Þá kemur einnig fram að ólöglegt er að stunda kynlíf með einstaklingi undir 18 ára, ef þeim fullorðna hefur verið treyst fyrir barninu vegna menntunar eða uppeldis, eða ef hægt er að lýsa kynferðislegu sambandi sem misnotkun vegna aldurs og reynslu gerandans.

201. gr.:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn á aldrinum 15, 16 eða 17 ára sem [...]honom hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 4 árum.“

202. gr. (1.-3. mgr.):

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 6 árum. Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Barnaverndarlög

Í 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er að finna ákvæði um tilkynningaskyldu til barnaverndaryfirvalda ef ljóst þykir að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða ef það býr við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu. 16. gr. hefur að geyma almenn ákvæði, þ.e. snýr að skyldu almennings en 17. gr. innheldur ítarlegri ákvæði varðandi þá sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af börnum. Sú grein snýr einnig að þjálfurum og öðrum þeim er vinna með börnum innan íþróttahreyfingarinnar. 16. gr.:

Tilkynningarskylda almennings.

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fikniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.

17. gr.:

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og

verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Reglur íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

Í lögum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands frá 2013 grein 5.a. um starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni segir; Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfbóðaliðar og sem launþegar.

HVAÐ Á AÐ GERA?

Engin tvö mál eru eins og það er engin ein rétt leið til þess að bregðast við ef grunur um ofbeldi kemur upp. Nokkur almenn ráð eru:

1. Ef grunur vaknar hjá starfsmanni/þjálfara um að iðkandi hafi orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi þ.m.t. kynferðislegu ofbeldi skal viðkomandi leita með áhyggjur sínar til yfirmanns.
2. Upplýsa skal foreldra um málið hið fyrsta.
3. Ríki óvissa með hvort tilkynna eigi mál til barnaverndaryfir

valda á stjórn félags ávallt kost á að leita ráða og fá viðbrögð frá barnaverndaryfirvöldum í viðkomandi sveitarfélagi.

4. Tilkynning til barnaverndaryfirvalda eða lögreglu er að öllu jöfnu gerð í nafni félags sér í lagi ef meintur gerandi er starfsmaður þess eða iðkandi.
5. Tilkynningarskyldan gengur frammar þagnarskylduákvæðum.
6. Taki yfirvöld mál til rannsóknar þar sem meintur gerandi er starfsmaður er honum vikið úr starfi sínu tímabundið á meðan rannsókn málsins stendur yfir.
7. Leiki grunur á að brotið hafi verið á barni á heimili er öryggis þess best gætt með því að tilkynna beint til viðkomandi barnaverndaryfirvalda.

Þegar/ef barn segir frá ofbeldi á það ávallt að njóta vafans.

- Trúa skal orðum og upplifunum þess, hlusta en varast að yfirheyra
- Láta barnið vita að það er rétt að segja frá, ofbeldið sé ekki á ábyrgð þess
- Tilkynna til barnaverndar/lögreglu

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFALLI

Það er ýmislegt sem þarf að huga að ef einstaklingur innan íþróttafélags er ásakaður um misnotkun: Hver upplýsir og ræðir við og hjálpar foreldrum barnsins? Hvað með aðra foreldra og börn sem líka eru í áfalli? Hvað með félagið og hina þjálfarana? Í þessari erfiðu stöðu þarf félagið á aðstoð að halda og skal hafa samband við barnaverndarnefnd á þeim stað þar sem brotið var framið eins fljótt og kostur er. Sum sveitarfélög hafa útbúið viðbúnaðarætlun fyrir leikskóla og frístundaheimili sem mætti heimfæra yfir á íþróttafélagið.

Félagið skal einnig fylgjast með viðbrögðum eftir kynferðislega misnotkun. Það er átakamikill atburður fyrir alla foreldra, börn, þjálfara og starfsmenn og getur valdið erfiðleikum hjá hverjum og einum.

Viðbrögð við áfalli geta verið mjög mismunandi á milli einstaklinga. Sumir láta eins og ekkert hafi í skorist á meðan aðrir hafa mikla þörf fyrir að tjá sig. Eftir fyrsta áfallið kemur sektarkennd, skömm og sjálfsásökun. Sumir ýta þessu frá sér og kenna öðrum um. Óháð því hver viðbrögðin eru væri æskilegt að stjórn félagsins sjái til þess að veitt verði aðstoð þannig að unnið verði úr upplifuninni í sameiningu.